

Eineltisáætlun

Fyrirbyggjandi aðgerðir og eftirlitskerfi

Samvinna

Góð og öflug samvinna heimila og skóla

Virkt eftirlitskerfi

Tengsla- og samskiptakönnun lagðar fyrir að beiðni umsjónarkennara. Farið yfir niðurstöður á fundi eineltisteymis.

Bekkjarfundir

Farið yfir samskipti á milli bekkjarfélaga.
Hvatt til félagslegrar samstöðu.

Foreldrastarf

Hópforeldrafundir með umsjónarkennara þar sem málin eru rædd af hreinskilni og foreldrastarf virkjað. Sálfræðingur skólans eða kennslu- og námsráðgjafi er með á fundum ef leitað er eftir. Foreldrar ákveða hvers konar foreldrastarfi þeir vilja standa fyrir (vinahópar, bekkjarpartý, hjólaferðir, sundferðir o.fl.). Tilgangurinn er að fá upplýsingar um stöðu og líðan nemenda og efla utanumhald og samstarf foreldra.

Fræðsla

Fræðslufundir um einelti fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk skólans.
Allir geta lent í eineltisaðstæðum (sem þolandi, gerandi eða meðhlaupari).

Hlutverk nemenda:

- ❖ Með fræðslu, handleiðslu og eftirlitskerfi er mikilvægt að skapa þann anda meðal nemenda að þeir komi upplýsingum um einelti á framfæri við starfsfólk skólans, munnlega eða skriflega.

Hlutverk foreldra:

- ❖ Að vera vakandi yfir líðan, félagslegri og námslegri stöðu barns síns.
- ❖ Vera tilbúin að leggja sitt af mörkum til að taka þátt í að efla félagslega samstöðu nemendahópsins sem barn þeirra er í með hagsmuni allra nemenda að leiðarljósi.

Aðgerðaáætlun

Aðgerðir þegar grunur leikur á einelti

(nemandi virðist ekki falla í hópinn, er oft einn og vansæll)

- ❖ Aukið eftirlit umsjónarkennara þar sem hann reynir að fá raunhæfa mynd af stöðunni
- ❖ Umsjónarkennari leitar eftir upplýsingum frá samstarfsfólki sínu og gerir alla meðvitaða um þennan möguleika, biður um aðstoð
- ❖ Umsjónarkennari safnar upplýsingum um bekkjarandann, á bekkjarfundi eða með stuttum (nafnlausum) spurningalista þar sem spurt er um eigin líðan og annarra (hvernig líður þér, heldur þú að öllum líði vel, áttu góðan vin í bekknum o.s.frv.).
- ❖ Tengslakönnun lögð fyrir
- ❖ Stutt persónuleg viðtöl við hvern og einn til að grennslast fyrir um líðan viðkomandi og tilfinningu hans fyrir líðan annarra
- ❖ Fá upplýsingar frá foreldrum

Aðgerðir þegar um ótvírátt einelti er að ræða

-án alvarlegra atvika-

Einstaklingsbundin viðtöl við þolanda (og forráðamenn)

til að fá upplýsingar um staðreyndir málsins og upplifun þolandans.

- ❖ Viðtalið fer fram án vitundar annarra nemenda
- ❖ Umsjónarkennari þarf að vera skipulagður og það þarf að koma skýrt fram að hann viti af eineltinu (*“Ég veit að sumir bekkjarfélagar þínir eru vondir við þig og ég vil fá að vita meira um hverjir þeir eru og hvernig það á sér stað. Á eftir getum við svo rætt það hvernig við stöðvum þetta”*)
- ❖ Útbúinn listi, í samráði við þolandann, yfir atvik (hvað gerðist, hver gerði hvað)
- ❖ Mikilvægt að þolandinn finni stuðning og sé sannfærður um að allt verði gert til að binda endi á eineltið.
- ❖ Þolandinn er upplýstur um það hvað umsjónarkennarinn hefur í hyggju til að ná markmiðinu. Gerandi/gerendur verða kallaðir í einstaklingsviðtöl og þeim gert grein fyrir því að eineltinu skuli ljúka og að málinu verði fylgt vel eftir til að tryggja að það verði raunin. Mjög líklega óttast þolandinn hefndaraðgerðir í kjölfar einkaviðtalanna og því þarf að upplýsa hann um að gerandanum verði sagt að upplýsingarnar hafi komið víða.
- ❖ Samkomulag gert við þolandann um að upplýsa kennarann umsvifalaust um nýjar tilraunir til eineltis. Í sumum tilfellum gæti verið auðveldast að leggja það í hendur foreldra að leita þessara upplýsinga og upplýsa kennarann, t.d. með tölvupósti.
- ❖ Góð og regluleg samskipti kennarans við nemandann og fjölskyldu hans eru mjög nauðsynleg til að tryggja þolandanum nauðsynlega vernd gegn nýju áreiti þegar verið er að leysa eineltismál.

Alvarleg viðtöl undir fjögur augu við gerendur

Langoftast er um að ræða litla hópa (2-3 nemendur) sem standa fyrir eineltinu. Þó ber að hafa í huga að í u.þ.b. 1/3 tilfella ber einn nemandi aðalábyrgðina.

- ❖ Umsjónarkennari gerandans tekur viðtölin (oftast eru gerendur og þolendur í sama bekk, en ef ekki þarf að upplýsa viðkomandi umsjónar-kennara vel um málið)
- ❖ Oft er kostur að annar fullorðinn aðili sé viðstaddur viðtalið. Það undirstrikar alvöru málsins.
- ❖ Ef gerendur eru fleiri en einn þarf að taka viðtölin með skömmu millibili, einn og einn í einu. Byrja á að tala við líklegan leiðtoga.
- ❖ Boðskapurinn í viðtalinu þarf að vera mjög skýr: *“Við sættum okkur ekki við einelti í skólanum okkar og við munum gera allt til að binda endi á það”*
- ❖ Viðtalið þarf að vera ákveðið og skipulagt.

- ❖ Upphaf: "Ég veit að nokkrir nemendur (í bekknum) hafa verið vondir við X undanfarið. Við vitum að þú ert í hópi þeirra nemenda. Eins og þú veist þá sættum við okkur ekki við svona lagað og nú ætlum við að sjá til þess að þessu ljúki. Hvað segir þú um það?"
- ❖ Gera þarf ráð fyrir að gerandinn reyni að neita aðild. Þess vegna er mikilvægt að vera vel undirbúinn og geta sagt nákvæmlega frá nokkrum atriðum. Mikilvægt er að velja þau atriði sem aðrir en þolandinn geta (eða gætu) staðfest, til að vernda þolandann.
- ❖ Gerandinn gæti einnig reynt að gera sem minnst úr eigin aðild, kenna öðrum um. Skal því svarað "Við vitum það en nú erum við að ræða þína framkomu. Við ræðum við fleiri á eftir."
- ❖ Algengt er að gerandinn verji sig með því að framkoma þolandans sé árásarhneigð, heimskuleg eða fari í taugarnar á gerandanum. Yfirleitt er auðvelt að vísa þannig yfirlýsingum á bug þar sem flestir þolendur eru hlutlausir og auðmjúkir með atferlismynstur sem aðrir nemendur álíta engan vegin ögrandi. Þó er lítil hópur þolenda vissulega ögrandi en gerandanum verður að koma í skilning um að þannig framkoma afsakar á engan hátt hans framkomu: "Já, við vitum að X á stundum í erfiðleikum með framkomu sína en það gefur þér ekki leyfi til að koma svona fram við hann/hana. Við skulum athuga hvað hægt er að gera til að aðstoða X við að breyta framkomu sinni, en þú verður STRAX að hætta þessari framkomu við hann/hana. Við sættum okkur ekki við annað. Ef þér finnst X ekki koma nógu vel fram við þig þá skaltu koma og segja mér frá því og þá getum við rætt um það við X". Þessi síðasta hvatning um að gerandinn verði að snúa sér til umsjónarkennarans ef X lætur hann ekki í friði gildir í raun einnig um hlutlausa og auðmjúka þolendur -ef gerandinn heldur því til streitu að framkoma þolandans fari í taugarnar á honum. Að öllum líkindum leitar gerandinn ekki oft til kennarans með þannig kvartanir. **Þó verður að athugast vel að umsjónarkennari taki ekki undir það að hlutlausir og auðmjúkir þolendur glími sjálfir við vandamál.**
- ❖ Spyrja: "Getur þú gert eitthvað til að breyta stöðu mála? Enginn heimtar að þú verðir góður vinur X en þú átt að láta hann/hana í friði. Við ætlum að fylgja þessu vel eftir og ef þetta hættir ekki þá verðum við að grípa til öflugri aðgerða."
- ❖ Láta gerandann vita að fundur verði haldinn eftir viku (t.d.) til að fylgja málinu eftir og kanna hvort allt sé ekki eins og það eigi að vera.

Mikilvægt að hafa í huga í viðtalinu:

- ❖ að sýna gerendum fram á að staða málsins sé þekkt (við vitum...), að gögn séu skjalfest
- ❖ boðskapurinn, um að það eigi að hætta eineltinu, sé settur fram af alvöru og ákveðið
- ❖ það komi skýrt fram að fylgst verði með þróun mála (vöktun)
- ❖ það skiljist að það hafi neikvæðar afleiðingar í för með sér ef eineltið hættir ekki strax

Yfirlitsfundur

Þegar rætt hefur verið við alla þá sem liggja undir grun, skal kalla alla saman á stuttan yfirlitsfund. Þar er það ítrekað að eineltinu verði að linna og að gripið verði til öflugri aðgerða gerist það ekki. Ákveðið hvenær hist verður aftur, á eftirfyllgnifundi.

Eftirfyllgnifundir eru haldnir sameiginlega eða með hverjum og einum (metið í hverju tilviki fyrir sig). Upplýsinga aflað fyrir fundinn hjá forráðamönnum þolanda, þolanda sjálfum og öðrum sem geta gefið upplýsingar um framgang mála. Þeir eru stuttir og væntanlega er innihald þeirra á þá leið að vel hafi gengið, ánægja með framgang mála látin í ljós. Ef eineltinu er ekki lokið þá eru gerendur látnir vita að nú sé málið komið á enn alvarlegra stig. Verður að fara vel yfir til hvaða ráða á að grípa og verða þær aðgerðir að vera vel skipulagðar. Leitað ráða til nemendaverndarráðs og sálfræðings.

Aðgerðir þegar um ótvírætt einelti er að ræða
-með alvarlegum atvikum-

Ef grunur leikur á líkum á sjálfsvígi eða öðrum alvarlegum atvikum, skal gripið til neyðarlausnar sem skólastjóri hefur umsjón með.

Upplýsingar berast um einelti

Umsjónarkennari aflar upplýsinga hjá:

- þolanda
- geranda
- bekk (bekkjarfundir)
- samstarfsfólki

Val umsjónarkennara hvort/hvenær hann leitar ráðgjafar/aðstoðar eineltisteymis/nemenda-verndarráði

Óverulegur samskiptavandi

- útkljáð með samtölum
- máli lokið

Haft samband heim til:

- þolanda
- geranda

Fundur með foreldrum

Gerð tillaga að lausn í samráði við viðeigandi aðila

- kynnt þolanda
- kynnt geranda

Lausnin prófuð

- eftirlit

Fundað með þolanda og geranda

- mat lagt á gang mála

Árangur?

nei

já

Haldið áfram á sömu braut

Meðlimir eineltisteymis eru umsjónarkennara innan handar í ferlinu og sitja til stuðnings á fundum ef óskað er.

Eineltisteymi fylgist með, safnar upplýsingum, er ráðgefandi eða tekur að sér mál sem vísað er til þess.

Meðlimir þess eru:

- Gunnar Svanlaugsson skólastjóri*
- Helga Sveinsdóttir árgangastjóri eldra stigs*
- Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir árgangastjóri yngra stigs*
- Guðmunda Ragnarsdóttir ritari*